

Studio Amaba ehf.
Vífilsgrata
105 Reykjavík

Reykjavík, 13. apríl 2023
UST202303-021/P.V.B.
09.04.00

Efni: Leyfi fyrir drónaflugi, kvikmyndatöku og akstri utan vega

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn Studio Amaba ehf., dagsett 3. mars 2023 með viðbótargögnum dags 27. mars 2023 um leyfi til drónaflugs og kvikmyndatöku við Gullfoss og aksturs utan vega við Hafursá, Selatanga og Svínafellsjökul.

Gullfoss er friðlýstur sem friðland sbr. [auglýsing nr. 141/1979](#). Óheimilt er að skerða gróður, trufla dýralíf og skemma jarðmyndanir nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Samkvæmt [stjórnunar- og verndaráætlun](#) friðlandsins er flug ómannaðra loftfara óheimilt á svæðinu nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er óheimilt að aka vélknúnum ökutækjum utan vega. Umhverfisstofnun er heimilt, ef nauðsyn krefur, að veita leyfi til þess að aka vélknúnum ökutækjum utan vega vegna kvikmyndagerðar, ef ekki er unnt að vinna viðkomandi störf á annan hátt, sbr. 3. ml. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013, um náttúruvernd.

Lýsing verkefnis:

Við Gullfoss er óskað eftir leyfi fyrir leikara til að ganga um lokað svæði milli göngustíg og gljúfurins þar sem gengið er niður að fossi frá neðra bílastæði þar sem 4-5 bifreiðum yrði lagt. Dróna yrði flogið yfir tókustað í 5-15 metra hæð. Með umsókn fylgdi með kort sem sýnir það svæði sem óskað er eftir að leikarar fari um og dróni flygi yfir. Óskað er eftir að loka fyrir eða takmarka aðgang fólks að göngustígnum að fossinum rétt á meðan tókur færu fram. Umferð yrði hleypt í hollum að fossinum ef hægt verður. Að tókunum kæmu 10 manns og færu þar fram í 2-4 klst á tímabilinu 21. -23. apríl 2023. Stefnt er að því að vera á svæðinu snemma dags. Við Seltanga yrði keyrð um 250 metra leið og er gert ráð fyrir að 3 sexhjól með kerru myndu keyra leiðina fram og til baka með búnað. Akstur og tókur færu fram 29. apríl 2023. Að akstrinum loknum verða förin eftir hjólin afmáð. Við Hafursá yrði keyrt eftir árfarvegi fram og til baka á 4 fjallajepum ca 1 km leið þann 21. apríl 2023. Kort sem sýnir leiðina fylgdi með umsókn. Í árfarveginum er stórgrýti og litlar líkur á einhverjum ummerkjum en ef þau verða einhver þá verða þau afmáð. Við Svínafellsjökul yrði keyrt eftir 300 metra leið sem landeigendur myndu lagfæra áður en tókulið kæmi á staðinn og er sýnd á korti sem fylgdi umsókninni. Leiðin yrði síðar nýtt sem gönguslóði og er í dag. Yrði þar gert ráð fyrir að 3 sexhjól með kerru myndu aka leiðina tvisvar fram og til baka á dag á tímabilinu 23.-26. apríl 2023, í allt væru þetta 24 ferðir á tímabilinu.

Umsagnir:

Umhverfisstofnun óskaði umsagnar Vatnajökulsþjóðgarðs þann 30. mars 2023 vegna þess hluta verkefnisins sem snýr að Svínafellsjökli. Umsögn Vatnajökulsþjóðgarðs barst þann 3. apríl 2023. Í umsögn Vatnajökulsþjóðgarðs kemur fram að fyrirhugaður akstur muni fara fram á slóða sem er að hluta til innan Vatnajökulsþjóðgarðs. Slóðinn var lagður 2013 vegna kvikmyndagerðar og hefur síðan þá verið notaður sem gönguleið og í önnur kvikmyndaverkefni. Í umsóknargögnum er gengið út frá að núverandi slóði verði lagfærður og kapp lagt á að halda umhverfinu eins og það er nú þegar, sem snyrtilegum gönguslóða, og því ekki um mikla framkvæmd að ræða. Vatnajökulsþjóðgarður leggur til að beiðnin verði samþykkt.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur verkefnið við Gullfoss ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á náttúrufer og verndargildi svæðisins sé farið eftir skilyrðum leyfisins. Gestir svæðisins geta þó orðið fyrir tímabundnum truflunum. Umhverfisstofnun metur akstur utan vega á þeim leiðum sem til stendur að keyra líklegar til að hafa neikvæð áhrif á náttúrufer þeirra svæða sem til stendur að keyra. Umhverfisstofnun telur þó að með því að farið sé eftir skilyrðum leyfisins og þeim mótvægisáðgerðum sem umsækjandi tilgreinir í umsókn sinni sé hægt að draga úr neikvæðum áhrifum akstursins og þau afturkræf.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Studio Amaba ehf fyrir sitt leyti leyfi fyrir drónaflugi og kvikmyndatöku við Gullfoss og akstri utan vega við Hafursá, Selatanga og Svínafellsjökul sbr. lýsingu hér að ofan 21. -29. apríl 2023 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á hverju svæði hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávík við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Þar sem þörf er á að fara út fyrir göngustíga/vegi skal þess gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan göngustíga/vega að verkefni loknu.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðin.
- Koma skal fyrir merkingum á tókustað um að leyfi fyrir verkefninu hafi fengist hjá Umhverfisstofnun.
- Forðast skal óparfa rask og stærð athafnasvæðis kvikmyndatökuliðsins skal haldið í lágmarki.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmd verkefnisins og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Vanda skal frágang eftir að verki lýkur. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast, um leið afmá skal öll ummerki kvikmyndatökunnar og aksturs utan vega.
- Kvikmyndatökuliðið skal sýna öðrum gestum svæðisins tillitssemi og tryggja að tókurnar valdi eins litlu ónæði og hægt er.
- Ef myndefnið er ætlað til birtingar opinberlega skal það tekið fram í myndbandinu/myndatexta að leyfi Umhverfisstofnunar hafi fengist fyrir kvikmyndatökunni innan hins friðlýsta svæðis.

- Starfsmenn verkefnisins skulu ganga snyrtilega um svæðið og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Til að koma í veg fyrir að myndin hvetji til utan vega aksturs þá er óheimilt að sýna ökutæki aka utan vegar.
- Aksturinn er einungis heimill vegna flutnings búnaðar, ekki til fólksflutninga.
- Einungis skal aka ökutækjum sem óskað er eftir að tókustað og eftir þeirri leið sem skilgreind var í verklýsingu. Afmá skal öll hjólför utan vega að verkefni loknu.
- Önnur farartæki en þau sem sótt er um heimild fyrir til að aka utan vega vegna kvikmyndatökunnar er ekki heimilt að aka leiðina sem sótt er um.
- Takmarka skal akstur farartækjana eftir því sem kostur er.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Óheimilt er að aka yfir gróin svæði.
- Þess skal gætt við akstur utan vega að hann fari fram á tímum þar sem hann veldur sem minnstu raski á jarðvegi og gróðri.
- Stjórnandi drónans skal sýna öðrum gestum svæðisins tillitssemi og tryggja að flugið valdi eins litlu ónæði og hægt er. Færri gestir heimsækja svæðið snemma morguns og síðdegis.
- Aldrei skal að fljúga ómönnuðu loftfari í nágrenni og yfir fólki og forðast skal að trufla friðsæld svæðisins og upplifun gesta, öryggi þeirra og persónuvernd eins og hægt er.
- Aldrei skal fljúga ómönnuðu loftfari nálægt dýrum, hvorki nálægt hreiðrum né á varptíma eða á þeim tíma sem telst viðkvæmur fyrir dýr og fugla.
- Flugtíma skal haldið í lágmarki og það skal fara fram utan þess tíma sem flestir gestir eru á svæðinu.
- Ef drónaflugið hefur truflandi áhrif á fugla- og/eða dýralífið skal því hætt samstundis.
- Stjórnandi/eigandi hins ómannaða loftfars ber ábyrgð á loftfarinu á svæðinu, að það skaði ekki fólk, dýralíf, eða náttúruna og það skilji ekki eftir sig varanleg ummerki á neinn hátt. Ef loftfarið brotlendir eða bilar skal ábyrgðarmaður þess sjá til þess að allir hlutar þess verði fjarlægðir.
- Af öryggisástæðum skal sá sem stjórnar ómönnuðu loftfari klæðast merktum fatnaði svo hægt sé að auðkenna viðkomandi.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Umhverfisstofnun mælist til þess að taka skuli á loft og lenda ómönnuðu loftfari í öruggri fjarlægð frá gestum svæðisins skv. reglugerð um ómönnuð loftför nr. 990/2017

Að öðru leyti skal haga flugi ómannaðra loftfari í samræmi við reglugerð nr. 990/2017, um starfrækslu fjarstýrðra loftfara.

Umhverfisstofnun bendir á að dróna sem notaðir eru í atvinnuskyni þarf að skrá sérstaklega hjá Samgöngustofu.

Leyfi Vatnajökulsþjóðgarðs, landeigenda og/eða sveitarfélags þarf fyrir verkefninu.

Leyfi Minjastofnunar þarf fyrir verkefninu ef friðlýstar fornminjar eru innan 100 metra frá framkvæmdarsvæðinu. Ef um er að ræða aðrar fornminjar sem eru friðaðar þarf leyfi Minjastofnunar ef minjarnar eru innan 15 metra frá framkvæmdarstað nema annað sé

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun minnir á að skv. 6. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er öllum skylt að ganga vel um náttúru landsins og sýna ýrústu varúð þannig að henni verði ekki spillt. Við framkvæmdir, starfsemi, rekstur og önnur umsvif sem áhrif hafa á náttúruna skal gera allt sem með sanngirni má ætlast til svo komið verði í veg fyrir náttúruspjöll.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir, kvikmyndagerðar og/eða myndatöku er kr. **76.000**. sbr. 29. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 206/2023.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst

Inga Dóra Hrólfsdóttir
sviðsstjóri

Daníel Freyr Jónsson
sérfræðingur